

Mál nr. 122/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X): sveitafélag

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 25. apríl 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 24. maí 2022.
3. Bréf M, dags. 31. maí 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að rétt upp úr kl. 8.10 að morgni 22. febrúar 2022 hafi bifreiðinni (A) verið ekið ofan í holu á Fjarðargötu við verslunarmiðstöðina Fjörð í Hafnarfirði. Við það skemmdust tvö dekk, felgur og hjólbarðar og var bifreiðin dregin á verkstæði. M, eigandi A, hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að starfsmenn X hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Starfsmennirnir höfðu fengið vitneskju um holuna skömmu áður og brugðist við með því að setja upp varúðarskilti og í framhaldinu sett viðgerðarmalbik í holurnar sem höfðu myndast í malbikinu. Eðlilegt sé að tækifæri sé gefið til þess að athafna sig og bregðast við slíkum ábendingum og að aðvaranir og viðgerðir hafi farið fram innan eðlilegs viðbragðstíma. Vísar V til 43. gr. vegalaga þar sem fram kemur í 2. mgr. að veghaldari skuli svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram. V vísar til þess að í gögnum málsins hafi ekki komið fram nein sönnunargögn frá M um að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að vita af holunni en láta undir höfuð liggja að gera við eða merkja hinn hættulega stað.

M telur að tjónið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X og vísar til samskipta sem hann átti við starfsmenn X. Starfsmaður á vegum X kom á vettvang, skoðaði holuna og lét hann fá símanúmer hjá forstöðumanni þjónustumiðstöðvar X. Í símtali við hann þá um morguninn kom fram að starfsmenn X vissu af holunni þar sem fleiri tilkynningar hefðu borist varðandi þessa tilteknu holu um morguninn og að starfsmenn á þeirra vegum væru á leið til þess að gera við hana.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hafa ekki brugðist nægjanlega hratt við er þeir fengu vitneskju um holu í Fjarðargötu með þeim afleiðingum að tjón varð á bifreið M. Í 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 er kveðið á um viðhald vega og hvernig bregðast skuli við vegskemmdum. Segir í lagagreininni að veghaldari beri ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þar segir einnig að veghaldari skuli svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Óumdeilt er að starfsmenn X vissu af holunni og heldur V því fram að þeir hafi brugðist við innan eðlilegs viðbragðstíma. Engin gögn því til stuðnings eru lögð fyrir nefndina af hálfu X eða V og því liggur ekki fyrir hvenær starfsmenn X fengu vitneskju um holuna í veginum og þar með hversu langan tíma þeir höfðu til að bregðast við aðstæðum. Að mati nefndarinnar stendur það X og þar með V nær að leggja slík gögn fram í málinu. Eins og mál þetta liggur fyrir verður X að bera hallan af sönnunarskorti á því að starfsmenn sveitarfélagsins hafi brugðist við svo fljótt sem við því varð komið eftir að þeir fengu vitneskju um holuna. Engin efni eru til að telja eigin sök sé til staðar hjá M. M á því óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir